



## Fundargerð

15. fundar stjórnar FRÍ miðvikudaginn 19. Febrúar 2015 kl. 20:00  
Fundarsalur A, 3. hæð, húsi 3 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Einar Viljálmsson (EV), Jónas Egilsson (JE), Jón Steingrímsson (JST), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH), Stefán Skaffi Steinólfsson (SSS), Gunnlaugur Júlíusson (GJ) og Fríða Rún Þórðardóttir. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Ingvar Hlynsson, Lovísa Hreinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir og Björg Ágústadóttir boðuðu forföll.

Formaður býður fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár. Til ákvörðunar, afgreiðslu eða nánari umræðu

1. Boðun og dagskrá fundar, afgreiðsla fundargerða síðustu funda: Boðun og dagskrá fundar var samþykkt án athugasemda. Ákveðið að afgreiða fundargerðir nr 12, 13 og 14 með tölvupóstssamskiptum stjórnarmanna þannig að allir gætu gefið sér betri tíma til að fara yfir þær og koma að athugasemdum.

### 2. Fjármál FRÍ

2.1. Staða á reikningum FRÍ, hreyfingar milli funda : Staða á reikningum FRÍ svipuð og á síðasta fundi.

Ekki var lögð fram staða á reikningum FRÍ. Formaður sagði það sjálfsgæða upplýsingagjöf á stjórnarfundum Skv. samkomulagi við viðskiptabanka FRÍ, verður yfirdráttur lækkaður um kr. 500.000 á mánuði. Gjaldkeri lagði fram drög að ársreikningi. Stjórnarmenn fagna því að fá upplýsingar snemma. Niðurstöður ársreiknings verða kynntar á Vorfundi í lok mánaðarins.

2.2. Kostnaður vegna verkefna, þjálfaranámskeiðs EAA, Bakuferðar, Noregsferðar tækninefndagreiningar, RIG og Nordic Challenge: Kostnaður vegna NC var 60.000 kr. . Upplýsingar liggja ekki fyrir. Annað kemur fram í ársreikningi.

2.3. Útistandandi kröfur og afskriftir: Útistandandi kröfur og afskriftir teknar fyrir og samþykkt að afskrifa gamlar kröfur á bókum FRÍ s.s. styrktarloforð frá fyrirtækjum frá fyrri tíða. Framkvæmdastjóri er að leggja lokahönd á innheimtu krafna á sambandsaðila vegna keppnis- og þjónustugjalda 2014. Framkvæmdastjóra falið að hafa skýra mynd um þá stöðu fyrir Vorfund FRÍ 27. febrúar. Samþykkt var að við frágang ársreikning yrði farið yfir þær viðskiptakröfur sem ekki er raunhæft að skili sér og afskrifa

2.4. Ícelandair samningsdrög: Samningsdrög við Ícelandair lögð fram á fundinum. Formaður og framkvæmdastjóri fjölluðu um fund með Ícelandair um endurnýjun á samstarfssamningi og möguleika á að auka samstarf FRÍ og Ícelandair. Formanni falið að klára umræðuna og ganga frá samningi ef samkomulag næst.

2.5. Starfsmannamál – drög að verklýsingu (nýtt starfsgildi): Formaður fer yfir fund með framkvæmdastjóra og drög að starfslýsingu. Stjórnarmenn sammála um efla þurf sérstaklega störf strífstofu FRÍ á sviðum sem skilgreind eru í reglugerð FRÍ undir tveimur starfshöfundum – íþrótt- og afreksnefnd annars vegar og fjárhagsnefnd hins vegar. Formaður lagði til að við kynningu á nýju starfi á þessum sviðum væri lagt upp með að starfsmaðurinn heyrði beint undir stjórn FRÍ með



sambærilegum hætti og framkvæmdastjóri FRÍ og að starfsheiti fyrir réttan aðila gæti verið rekstrarstjóri íþróttá- og landsliðsmála. Samhliða ráðningu nýs starfsmanns, ef af verður, skapast svigrúm fyrir framkvæmda-stjóra að takast á við ný verkefni og er ýmislegt til skoðunar í þeim efnum hjá fjárhagsnefnd. Stjórnin fól formanni að vinna áfram að skipulagsbreytingum á skrifstofu FRÍ í þeim anda sem um var rætt á fundinum og verið hefur til umræðu meðal stjórnarmanna un nokkurt skeið. Umræður um tengingar ÍþA og Unglinganefnd við hinn fyrirhugaða starfsmann. Stjórn sammála um að stefna að fullu starfgildi a.m.k í 6 mánuði samkvæmt samningi við ÍSÍ um landsliðsverkefni, sem eru í forgangi. Fjárhagsáætlun og fjárhagsstaða FRÍ leyfir ekki áhættu í manna ráðningum eins og staðan er.

3. Tekjuöflun vegna MÍ 15-22 og Bikarkeppni FRÍ: Fram kom hjá framkvæmdastjóra að ekki hefur verið unnið í tekjuöflun frá síðasta fundi. Formaður hefur væntingar um fjáröflunarstarf á skrifstofu FRÍ sem ekki hefur gengið eftir. Tekjuöflun vegna MÍ 15-22 og Bikarkeppni FRÍ var tekin til umræðu og áréttað að um væri að ræða síðustu viðburði á vegum FRÍ innanhúss sem sköðuðu tækifæri til að afla auglýsingatekna fyrir hreyfinguna. Framkvæmdastjóra falið að sinna því verkefni vel næstu daga. FRÍ á auglýsingaborða frá RIG mótinu og styrktaraðila frá Happpdrætti FRÍ 2013/2014 sem framkvæmdastjóra var falið að leita til um styrki/stuðning/auglýsingar.
4. Vorfundur FRÍ - staða málaflokka til umræðu :
  - 4.1. Fjármál FRÍ: Fjármál FRÍ voru rædd á fundinum og drög lögð fram. Formanni þótti mikilvægt að auðvelt væri fyrir sambandsaðila að greina niðurstöður frá hefðbundnum rekstri sambandsins og að skuldastaða sambandsins væri skýrt tilgreind. Þannig þurfi að koma skýrt fram að óvenjulegar tekjur s.s. styrkir frá sveitarfélögum vegna kaupa á tímatökubúnaði skýri hagnað á bókum sambandsins 2014. Mikilvægt er að sambandsaðilar átti sig á því að svigrúmi sambandsins til kostnaðarþátttöku í verkefnum 2015, markast af skuldastöðu sambandsins og neikvæðri afkomu frá hefðbundnum rekstri sambandsins 2014 ( nettó skuldastaða vegna kostnaðar á skrifstofu FRÍ og vegna mótalendis erlendis) Staðan er einfaldlega mjög þröng í dag.
  - 4.2. Afreksstefna FRÍ: Afreksstefna FRÍ var rædd á fundinum og áhersla lögð á að fjárhagsstaða FRÍ 2015 takmarki verulega getur FRÍ til þátttöku í kostnaði vegna keppna erlendis á árinu 2015. Reifaðar voru sviðsmyndir um afreksstefnu og svigrúm FRÍ. Formaður mun leggja fram greinargerð til umræðna í hreyfingunni. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir viðmiðum hjá ÍþA - hvaða viðmið nefndin leggi til fyrir NM og EM.
  - 4.3. Frjálsíþróttaaðstaða á Laugardalsvelli: Laugardalsvöllur sem alþjóðlegur frjálsíþróttavöllur hreyfingarinnar til framtíðar kom til umræðu á stjórnarfundinum. Framkvæmdastjóri gat þess að hann sem formaður FRÍ hafi ásamt formanni KSÍ opinberað sameiginlega viljayfirlýsingu árið 2013 og sent bréf til borgarstjóra um að þessar íþróttagreinar deildu ekki með sér notkun á Laugardalsvelli. Og að yfirlýsingunni fylgdi það samkomulag að Frjálsíþróttasamband Íslands gæti vel unað því að frjálsíþróttaaðstaðan yrði lögð niður á Laugardalsvelli gegn því að nýr ásættanlegur 8-brauta frjálsíþróttavöllur risi í Laugardalnum. Núverandi formaður (EV) telur sig ekki hafa umboð frá sambandsaðilum til að fylgja eftir yfirlýsingu fyrri stjórnar og að yfirlýsingin sem slík væri varhugaverð. Formaður lagði fram drög að ályktun um Laugardalsvöll.



5. Uppskeruhátíð FRÍ
  - 5.1. Dagskrá og skipulag hátíðar: Framkvæmdastjóri staðfesti að salarkynni fyrir uppskeruhátíð væru staðfest í Kapplakrika og dagskráin væri í smíðum hjá honum og Skafta (SSS) stjórnarmanni. Gert ráð fyrir veitingum og borðhaldi fyrir á annað hundrað frjálsíþróttamenn. Verið er að ganga frá veislustjóra og kokk.
  - 5.2. Heiðranir : Heiðranir komu til umræðu og ákveði að leita umsagnar ÍþA um viðurkenningar eftir flokkum frjálsíþróttar. Búið er að velja frjálsíþróttakar og konu eins og áður hefur verið kynnt
  
6. Þátttaka á EM innanhúss í Prag:
  - 6.1. Flugmiðar og dvalartími keppenda: Framkvæmdastjóri staðfesti að hann er búinn að ganga frá farseðlum fyrir 5 keppendur (Anítu, Hafðísi, Hrafnhild, Kolbein og Trausta) og tvo þjálfara (Gísla og Gunnar Pál) auk formanns. Á meðan á fundi stóð var Einar Daði á góðu róli í sjöþrautakeppni og líkindi til þess að hann gæti bæst í hópinn. Þá munu þeir Ívar Kristinn (400m) og langstökkvararnir Kristinn og Þorsteinn gera lokatíraun til að komast í hópinn á bikarkeppni FRÍ 28. febrúar.
  - 6.2. Kostnaðaráætlun m.v. 5 keppendur, formann og 2 þjálfara: Framkvæmdastjóri mun leggja fram kostnaðaráætlun á næsta fundi. Stjórnin fagnaði þeim gleðilega árangri sem náðst hafði á innanhússstímabilinu til þessa og þeim fjölda íþróttamanna sem fara á EM innanhúss í Prag. Kostnaður FRÍ á fyrsta ársfjórðungi þessa árs stefnir í að vera yfir áætlun svo nemi vel á aðra milljón króna. Í ljósi þessa áréttaði framaður mikilvægi þess að fjáröflun skrifstofu FRÍ og framkvæmdastjóra fyrir Bikarkeppni FRÍ heppnist vel. Og að hefja þurfi undirbúning að fjáröflun fyrir EM hópinn sérstaklega.
  
7. Kvennaráðstefna (3ja) EAA 17. Apríl: Boðsbréf hefur borist Lóu Björk, varaformanni FRÍ og formanns unglinganefndar. Framkvæmdastjóri staðfestir að EAA greiðir allan kostnað vegfna ferðakostnaðar og upphalds.
  
8. Önnur mál: Ritari koma fram þökkum til fjölmiðla fyrir góða umfjöllun um frjálsíþróttir undanfarna mánuði og hvatti fjölmiðla til að halda áfram á sömu braut. Stjórnarmenn tóku undir orð Stefáns Skafta Félagaskifti voru lögð fram. Gunnlaugur Júlíusson upplýsti að bréf muni berast frá ÍSÍ þar sem kvartað verður sérstaklega yfir því að enginn fulltrúi FRÍ hafi mætt á 2. fund ÍSÍ um Ólympíleikana í Ríó. Stjórnin sammála um mikilvægi þess að FRÍ taki virkan þátt í þeim verkefnum/fundum sem ÍSÍ óskaði eftir að FRÍ sendi fulltrúa á og þykir miður að fulltrúar sambandsins hefðu forfallast vegna misskilnings.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 21:05.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.